

Tillaga að
STARFSLEYFI
Flokkun Eyjafjörður ehf.
- urðunarstaður á Glerárdal -
Kt.: 680607-1170

Gefið út af Umhverfisstofnun í samræmi við ákvæði eftirtaldrá laga og reglugerða: Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1. Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Flokkun Eyjafjörður ehf., kt. 680607-1170, fyrir urðun úrgangs á urðunarstað á Glerárdal, Akureyrarbæ. Komi nýr aðili að rekstri urðunarstaðarins getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á hann án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi, sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Flokkun Eyjafjörður ehf. er hér eftir nefnd rekstraraðili.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi tilskilin leyfi frá heilbrigðisnefnd.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu.

1.2. Umfang starfseminnar

Heimilt er að urða allt að 12.000 tonn af úrgangi á ári í nýjum hluta urðunarstaðarins sem afmarkaður er af eftirfarandi hnitum (ISN93):

<u>X</u>	<u>Y</u>
538431,0330	573502,4860
538423,4560	573528,1890
538410,3960	573581,7670
538389,9480	573593,6070
538414,1890	573611,2040
538424,5250	573641,0090
538457,1070	573686,6000
538513,7990	573718,7680
538535,0700	573702,0610
538483,5570	573627,9300
538476,1200	573595,5190
538463,7010	573575,5840

Óheimilt er að urða úrgang í eldri hluta urðunarstaðarins.

Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að urða á urðunarstaðnum eru eftirfarandi:

- a) Úrgangur sem hefur verið meðhöndlaður, flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, og fellur í flokk 01, 02, 03, 04, 06, 08, 15, 16, 17, 18, 19 eða 20 í viðauka I við sömu reglugerð.
- b) Samskonar meðhöndlaður úrgangur og í a-lið en af öðrum uppruna.
- c) Óvirkur úrgangur án prófunar, sbr. lista í tl. 2.1.1 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.
- d) Óvirkur úrgangur sem undirgengist hefur prófun og uppfyllir kröfur skv. tl. 2.1.2 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.
- e) Stöðug, óvirk spilliefni sem fullnægja viðmiðunum um móttöku sem settar eru í tl. 2.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003. Ekki skal urða stöðug, óvirk spilliefni í reinum eða hólfum sem ætluð eru undir lífrænan úrgang. Skrá skal staðsetningu innan urðunarstaðar þegar urðuð eru stöðug, óvirk spilliefni.

Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbarða, brotajárn, ökutæki eða spilliefni (nema stöðug og óvirk) á urðunarstaðnum.

Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er bönnuð.

Brennsla úrgangs á urðunarstaðnum er bönnuð.

Á urðunarstaðnum er heimilt að geyma úrgang sem ætlaður er til endurnýtingar:

- a) Timbur, ókurlað og kurlað, samtals að hámarki 100 tonn.
- b) Garðaúrgangur, ókurlaður og kurlaður, samtals að hámarki 150 tonn.
- c) Steinsteypa.
- d) Annar úrgangur, sem flokkaður er frá úrgangi til urðunar á staðnum, skal geymdur í lokuðum gámum.

Heimilt er að geyma úrganginn utan nýs hluta urðunarstaðarins en skal hann þá geymdur innan eldri hluta urðunarstaðar og innan girðingar (gr. 2.1). Ákvæði starfsleyfis þessa gilda um geymdan úrgang, jafnvel þótt hann sé geymdur utan nýs hluta urðunarstaðarins. Óheimilt er að geyma annan úrgang á urðunarstaðnum.

1.3. Eftirlitsaðili

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd eftirlits undir yfirumsjón sinni, sbr. 30. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

1.4. Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.5. Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnum og búnaði verði fargað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með

minnst mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megji út frágang strax að verki loknu.

Unnið skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs, sbr. gr. 1.7, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri urðunarstaðarins.

1.6. Starfsemi hafin að nýju

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að urðunarstaðurinn hafi verið tekinn í notkun á nýjan leik ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7. Neyðaráætlun

Rekstraraðili skal útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði urðunarstaðarins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hans. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem urðunarstaðurinn er ekki í notkun. Neyðaráætlunin skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

1.8. Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur og landnotkun skal vera með þeim hætti að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Grein 4.5 í starfsleyfi þessu skal uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en ári áður en starfsemi lýkur.

1.9. Endurskoðun starfsleyfis

Ef breytingar verða á rekstri, mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er, í samráði við Umhverfisstofnun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfis, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 785/1999.

1.10. Samráðsfundur

Eigi síðar en hálfu ári fyrir lok gildistíma starfsleyfis þessa skal rekstraraðili boða fulltrúa Umhverfisstofnunar og hlutaðeigandi heilbrigðisnefndar á samráðsfund. Þessir aðilar geta þó boðað oftari til samráðsfundar ef ástæða þykir til. Á samráðsfundi verði m.a. rætt um lokun urðunarstaðarins, eftirlit í kjölfar lokunar og önnur atriði er kunna að hafa komið upp og fulltrúar áður nefndra aðila telja ástæðu til að ræða.

1.11. Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit.

2. STARFSHÆTTIR

2.1. Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi urðunarstaðarins veldur á umhverfið, þar með taldir starfshættir, efnisnotkun og meðferð sigvatns.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður, allt svæðið girt með girðingu sem hindrar umferð skepna og girðingu sem hindrar umferð manna við innakstursleiðir. Hlið skulu hindra umferð manna og skulu þau vera lokuð nema þegar starfsemi fer fram. Á urðunarstaðnum skal eftirlits- og aðgangskerfi einnig fela í sér aðgerðir sem miða að því að koma upp um og sporna gegn ólöglegri losun á staðnum. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingu. Umhverfisstofnun getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu og mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrífnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrífnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ryki, ólykt eða hávaða.

2.2. Mengunarvarnir og nýting orku

Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT), ef hún hefur verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta vel orku. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færist á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

2.3. Umhverfismarkmið

Rekstraraðili skal setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim. Starfa má samkvæmt eigin kerfi eða velja staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001:2004, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi ESB, sbr. reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS).

2.4. Viðbragðsáætlun

Viðbragðsáætlun skal vera tiltæk og skal hún taka á hugsanlegri hættu vegna bráðamengunar, sbr. lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal vera aðgengileg eftirlitsaðila.

2.5. Óeðlilega mikil mengun

Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfsemi urðunarstaðarins út í umhverfið sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

2.6. Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun (gr. 2.4) til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Tilkynna skal Umhverfisstofnun og viðkomandi heilbrigðiseftirliti um tilfelli þar sem hættu er á bráðamengun eða umtalsverðum áhrifum á umhverfið.

2.7. Verkstjórn

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum urðunarstaðarins. Vaktstjóri skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum, ásamt uppdrætti af urðunarstaðnum, skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgreiðslutíma urðunarstaðar ef þörf krefur.

2.8. Starfsmenn og starfsumhverfi

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2.9. Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og –nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er. Undir þetta falla t.d. lífrænn úrgangur – matarleifar, pappír og pappi, garðaúrgangur, úrgangur frá fiskvinnslu, húsdýraskítur, hey, hálmur og gras, timbur og sláturúrgangur – umbúðaúrgangur, landbúnaðarplast, hjólbarðar og brotamálmar.

2.10. Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 11. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 1. mgr. gr. 2.11 í starfsleyfi þessu, og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár. Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera herra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu og kynningarmála.

2.11. Tryggingar

Rekstraraðili skal leggja fram fullnægjandi fjárhagslega tryggingu eða ábyrgð fyrir því að staðið verði við þær skyldur sem starfsleyfinu fylgja, þar á meðal um lokunaraðgerðir og eftirlit í kjölfar lokunar urðunarstaðarins, sbr. 24. gr. laga nr. 55/2003. Skal tryggingin gilda í 30 ár eftir að urðunarstað hefur verið lokað.

Rekstraraðili skal jafnframt taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, allt að 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

3. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1. Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá urðunarstaðnum, t.d. með uppsetningu girðinga og/eða skjólbelta.

3.2. Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Komið skal í veg fyrir að vatn geti safnast í úrganginn. Urðunarstaðurinn og -reinar skulu þannig staðsett og hönnuð að yfirborðsvatni sé beint frá þeim, t.d. með opinni fráveitu umhverfis urðunarstaðinn, og tryggt að grunnvatn komist ekki að.

Jarðveg og grunn- og yfirborðsvatn skal vernda með því að nýta í senn jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu. Á botni og í hliðum urðunarstaðarins skal vera jarðfræðilegur tálmi sem uppfyllir eftirfarandi skilyrði um lekt (K) og þykkt:

$$K \leq 1,0 \cdot 10^{-8} \text{ m/s, } \text{þykkt} \geq 1 \text{ m}$$

Uppfylli jarðfræðilegi tálminn ekki ofangreind skilyrði frá náttúrunnar hendi má fullgera hann og styrkja á annan hátt þannig að hann veiti samsvarandi vörn.

Á botni skal vera tilbúin þétting og hriplag sem er a.m.k. 0,5 m að þykkt.

3.3. Sigvatn

Safna skal öllu sigvatni undan urðunarstaðnum og skal það leitt um hriplag og siturlögn yfir í sandmyndun í Langamó.

Komið skal í veg fyrir að óhreinsað sigvatn berist í Sigurðargil um yfirfall á sigvatnskerfi, nema í algjörum undantekningatilfellum.

3.4. Hauggas

Starfrækja skal kerfi til að safna hauggasi sem myndast við rotnun lífrænna úrgangsefna. Rekstraraðili skal eftir fremsta megni leitast við að meðhöndla og nýta gasið en brenna það eila. Söfnun og vinnsla á hauggasi telst endurnýting. Söfnun, meðhöndlun og nýting hauggassins skal vera með þeim hætti að umhverfið verði fyrir sem minnstum skaða eða spjöllum og að sem minnst hætta steðji að heilbrigði manna.

3.5. Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá urðunarstaðnum og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4. MÓTTAKA OG URÐUN ÚRGANGS

4.1. Móttaka og skráning úrgangs

Móttaka úrgangs skal vera í samræmi við viðmiðanir um móttöku úrgangs í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Við móttöku úrgangs skal fara fram sjónrænt mat og krefja má úrgangshafa um gögn til að sannreyna að úrgangurinn uppfylli móttökuskilyrði fyrir þann úrgang sem heimilt er að urða, sbr. gr. 1.2 í starfsleyfi þessu. Úrgangi sem ekki samræmist móttökuskilyrðum staðarins skal hafnað og eftirlitsaðila tilkynnt um slíkt án tafar. Rekstraraðila er heimilt að krefja úrgangshafa um gögn til staðfestingar á því að spilliefni séu ekki meðal þess úrgangs sem hann óskar eftir að verði urðaður.

Skrá skal magn og eiginleika úrgangs sem tekið er á mót á urðunarstaðnum, í samræmi við reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang. Skrá skal uppruna, dagsetningu móttöku, framleiðanda úrgangs eða söfnunarfyriretæki ef um er að ræða heimilisúrgang og ráðstöfun úrgangsins. Gefa skal út kvittun til úrgangshafa fyrir móttöku úrgangsins.

Nánari leiðbeiningar um viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs er að finna í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

4.2. Meðhöndlun spilliefna

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á mót á urðunar. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.

4.3. Daglegur frágangur urðunarreina

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra.

Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila.

Ekki skal vera nema ein urðunarrein í notkun hverju sinni fyrir hvern úrgangsflokk.

Eðju úr rotþróm skal þykkja eins og kostur er áður en hún er urðuð.

4.4. Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða. Hafi tilbúnum tálma verið komið fyrir skal gengið úr skugga um að hið jarðfræðilega undirlag sé svo stöðugt, með tilliti til jarðmyndana á urðunarstað, að sig valdi ekki skemmdum á tálmanum.

4.5. Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim en sígi ekki ofan í úrganginn.

5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

5.1. Skráningar

Rekstraraðili skal hafa reglulegt eftirlit með umhverfis- og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun efna út í umhverfið. Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Magn og tegundir úrgangs sem tekið er á móti og ráðstöfun hans, sbr. gr. 4.1.
2. Úrgangur sem hafnað er til urðunar, þar með talin magn og gerð spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.1.
3. Staðan á urðunarstaðnum; svæði undir úrgangi, aðferðir við urðun, hvenær og hversu lengi er urðað og útreikningar á því urðunarrými sem eftir er á staðnum.
4. Breyting á umfangi (sig) urðaða úrgangsins.
5. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.
6. Rekstur hreinsimannvirkja.
7. Niðurstöður mælinga á magni og samsetningu sigvatns, yfirborðsvatns, ársets og grunnvatns, sbr. gr. 5.2.
8. Niðurstöður mælinga á magni og samsetningu hauggass, sbr. gr. 5.2.
9. Daglegt magn úrkomu á staðnum.
10. Daglegt hitastig; lágmark, hámark og kl. 12 á hádegi.
11. Dagleg stefna og styrkur ríkjandi vindáttar.
12. Loftraki, daglega kl. 12 á hádegi.
13. Dagleg uppgufun.

Ef upplýsingar um veðurfar liggja fyrir frá nálægri veðurstöð má styðjast við þær.

5.2. Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á sigvatni, yfirborðsvatni, árseti, grunnvatni og hauggasi skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð og skulu mælingar á hauggasi gefa rétta mynd af hverjum hluta urðunarstaðarins.

Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir.

Rekstraraðili skal vakta sigvatn, yfirborðsvatn, árset, grunnvatn og hauggas frá urðunarstaðnum samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Sýnatökustaður	Efnisþættir	Tíðni*
Magn og eiginleikar sigvatns	a) Sigvatnsbrunnur b) Yfirfall á sigvatnskerfi	Rennsli, hitastig, leiðni	Mánaðarlega (einnig við hverja sýnatöku)
Samsetning sigvatns	Sigvatnsbrunnur	pH, súrefnisþörf (COD), uppleyst lífrænt kolefni (DOC), köfnunarefni (N_{heild}), fosfór (P_{heild}), nítrat (NO_3^-), ammóníum (NH_4^+), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX)	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Samsetning sigvatns	Sigvatnsbrunnur	Klóríð (Cl^-), flúoríð (F^-), sulfat (SO_4^{2-}), BTEX, fenól, blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), baríum (Ba), mólýbden (Mo), antimóní (Sb), selen (Se)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.
Samsetning yfirborðsvatns	a) Í Sigurðargili - P2 (ISN93: X=538520,9783; Y=573983,4268) b) Í Glerárgili - P4 (ISN93: X=538200,9893; Y=573962,0332)	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), uppleyst lífrænt kolefni (DOC), köfnunarefni (N_{heild}), fosfór (P_{heild}), nítrat (NO_3^-), ammóníum (NH_4^+), olía/fita, klóríð (Cl^-), flúoríð (F^-), sulfat (SO_4^{2-}), lífræn halógensambönd (AOX), BTEX, fenól, blý (Pb), kvikasilfur (Hg), kadmíum (Cd), járn (Fe), króm (Cr), kopar (Cu), sink (Zn), arsen (As), nikkell (Ni), baríum (Ba), mólýbden (Mo), antimóní (Sb), selen (Se)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.
Samsetning yfirborðsvatns	Glerá: a) ofan urðunarstaðar b) neðan urðunarstaðar	Hitastig, leiðni, pH, súrefnisþörf (COD), lífrænt kolefni (TOC), köfnunarefni (N_{heild}), fosfór (P_{heild}), nítrat (NO_3^-), ammóníum (NH_4^+), fosfat (PO_4^{3-}), lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt.
Mengunarefni í seti í Glerá	a) Ofan urðunarstaðar b) Neðan urðunarstaðar	Blý (Pb), kadmíum (Cd), kvikasilfur (Hg), lífræn halógensambönd (AOX)	Einu sinni á starfsleyfistímanum
Staða grunnvatns	Mælibrunnar	Hæð grunnvatnsborðs	Tvisvar á ári; fyrir 1. maí og 1. okt.
Magn og samsetning hauggass		Prýstingur, CH_4 , CO_2 , O_2	Mánaðarlega
Samsetning hauggass		H_2S , H_2	Fjórum sinnum á ári; með jöfnu millibili

*Ef mat á gögnum gefur til kynna að strjálta eftirlit gefi jafn góða raun er Umhverfisstofnun heimilt að breyta tilhöguninni. Jafnframt er Umhverfisstofnun heimilt að fara fram á tíðari mælingar.

5.3. Losunarmörk

Mælinga- og losunarmörk fyrir sigvatn, með hliðsjón af reglugerð nr. 738/2003:

	Mælingamörk	Losunarmörk
Efnisþættir	mg/l	mg/l
As	0,06	0,3
Ba	4	20
Cd	0,02	0,3
Cr alls	0,1	2,5
Cu	0,6	30
Hg	0,002	0,03
Mo	0,2	3,5
Ni	0,12	3
Pb	0,15	3
Sb	0,1	0,15
Se	0,04	0,2
Zn	1,2	15
Klóríð	460	8500
Flúoríð	2,5	40
Súlfat	1500	7000
Fenóltala	0,3	
DOC	160	250
Olía	sýnileg	15

Gæði yfirborðsvatns skal meta út frá umhverfismörkum tilgreindum í fylgiskjali með reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns.

Rekstraraðili skal tilkynna Umhverfisstofnun um sérhver skaðleg áhrif á umhverfið sem teljast veruleg og koma í ljós við eftirlit og vöktun, sbr. 21. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

5.4. Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir næsta almanaksár á undan, sbr. reglugerð nr. 738/2003 og reglugerð nr. 990/2008 um útstreymisbókhald. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

5.5. Grænt bókhald og útstreymisbókhald

Rekstraraðili skal færa grænt bókhald í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 851/2002 um grænt bókhald.

Skila skal niðurstöðum árlega í samræmi við ákvæði viðeigandi reglugerða.

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í 1. flokk skv. fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 785/1999. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og vegna reglubundins eftirlits. Gjald vegna viðbótareftirlits, vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, öðlast þegar gildi. Starfsleyfið gildir til dd. mm 2011.

8. ÁKVÆDI TIL BRÁÐABIRGÐA

Með bréfi dagsettu 15. júlí 2009 veitti umhverfisráðuneyti rekstraraðila tímabundna undanþágu frá ákvæði 4. tl. í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003. Undanþágan gildir til 16. júlí 2011. Ákvæði gr. 3.4 og gr. 5.2 er varða hauggas skal uppfylla eftir 16. júlí 2011.

Reykjavík, dd. mm 2009

Umhverfisstofnun